



Stefna Grunnskóla Fjallabyggðar

Skólastefna er sett fram sem leiðarljós fyrir skólastarfið, þ.e. hvert hlutverk skólans er, hvaða framtíðarsýn við höfum fyrir skólann okkar og hvaða markmið við viljum helst hafa í huga með starfinu. Stefnan er mótuð í samvinnu við foreldra, nemendur, starfsmenn skólans og skólasamfélagið allt út frá stefnumótunarvinnu sem hófst vorið 2019 undir heitinu Framúrskarandi skóli með hliðsjón af Fræðslustefnu Fjallabyggðar sem samþykkt var veturinn 2017 og nýrri Aðalnámskrá grunnskóla.

Gildi Grunnskóla Fjallabyggðar eru í takt við Fræðslustefnu Fjallabyggðar, þar sem við í okkar við tökum höndum saman um uppbyggilegt skólastarf.

Kraftur – Sköpun – Lífsgleði

Með metnað og virðingu að leiðarljósi

Kraftur: Með skírskotun í þann kraft sem býr í náttúrunni og þann kraft sem er einkennandi fyrir mannauðinn í Fjallabyggð sem með miklum dugnaði og atorku getur náð góðum árangri á öllum skólastigum. Kraftur er hreyfiafl og með samstilltu átaki samfélagsins er hægt að gera gott skólastarf betra.

Sköpun: Blómlegt atvinnu- og skólalíf í Fjallabyggð byggir á skapandi starfi og hugsun. Sköpun byggir á gagnrýnni hugsun, innsæi auk samvinnu og samþættingar. Leggja þarf áherslu á þetta á milli námssviða, aldurshópa, skólastiga, stofnana og atvinnulífs. Leggja skal áherslu á að virkja ímyndunarafli, frumkvæði og hæfileika, horfa til framtíðar, virkja sköpunarkraft og sköpunargleði.

Lífsgleði: Að hafa ánægju að því sem verið er að gera eykur líkurnar á því að vel takist til. Því er mikilvægt að ýta undir sköpunargleði nemenda og kraft þannig að þau öðlist trú á því sem þau taka sér fyrir hendur. Jafn mikilvægt er að styðja vel við bakið á kennurum og öðru starfsfólki til að öflug framþróun eigi sér stað. Kraftur – Sköpun – Lífsgleði

Sýn Grunnskóla Fjallabyggðar

Starfið í Grunnskóla Fjallabyggðar hefur mótandi áhrif á samfélagið með sterka byggðarsýn og fjölbreytta starfshætti að leiðarljósi þar sem nemendur ná sýnilegum árangri. Allt skólastarf er samstarfsverkefni skólasamfélagsins. Skólinn er leiðandi í grunnþáttum menntunar sem eru jafnrétti, sjálfbærni, sköpun, mannréttindum, lýðræði, læsi, heilbrigði og velferð.

Skólasamfélagið

Stefnt er að öflugu samstarfi við heimili, fyrirtæki og stofnanir samfélagsins með það að leiðarljósi að þátttaka allra í skólastarfi og skólaþróun verði sjálfsögð og sýnileg. Í skóla ætti öllum að finnast gott og eftirsóknarvert að koma

Uppeldisfræðileg stefna



Grunnskóli Fjallabyggðar vinnur eftir stefnunni “Uppeldi til ábyrgðar”. Stefnan leggur áherslu á góð samskipti sem efla sjálfstraust nemenda. Jákvæður skólabragur er sýnilegur í öllu starfi skólans.

Kennslufræðileg stefna

Starfsfólk Grunnskóla Fjallabyggðar stefnir að og leggur metnað sinn í að beita kennsluaðferðum sem falla að nútíma samfélagi. Áhersla er lögð á samþættingu námsgreina, skapandi- og einstaklingsmiðaða kennsluhætti og fjölbreytta lýðræðislega þátttöku nemenda